

Reglur um samráð og ábyrgðarskiptingu milli Barnaverndar Reykjavíkur og þjónustumiðstöðva

1. gr.

Gildissvið og markmið reglnanna

Markmið reglnanna er að vera leiðbeinandi fyrir sérfræðinga Barnaverndar Reykjavíkur og þjónustumiðstöðva Reykjavíkur um samstarf og ábyrgðarskiptingu í barnaverndarvinnu.

2. gr.

Verkefni sem reglurnar taka til

Reglurnar taka til þeirra afmörkuðu verkefna sem sérfræðingar þjónustumiðstöðva taka að sér fyrir Barnavernd Reykjavíkur og samstarfs við vinnslu mála og lok. Um er að ræða eftirfarandi verkefni:

- Framkvæmd stuðningsþjónustu sbr. 3. gr.
- Stuðning á þjónustumiðstöð í kjölfar barnaverndartilkynningar sbr. 4. gr.
- Fundi við upphaf könnunar máls sbr. 5. gr.
- Samvinnu við vinnslu mála sbr. 6. gr.
- Fundi þegar barnaverndarmáli er lokað sbr. 7. gr.
- Vistanir barna á heimilum eða stofnunum sbr. 8. gr.
- Viðveru við skýrslutöku hjá lögreglu sbr. 9. gr.

3. gr.

Stuðningsþjónusta

Þjónustumiðstöðvar hafa tiltæka stuðningsþjónustu fyrir Barnavernd Reykjavíkur en um er að ræða **persónulega ráðgjafa, tilsjónarmenn og stuðningsfjölskyldur**.

Persónulegur ráðgjafi tekur að sér stuðningshlutverk við barn eða ungling. **Tilsjónarmaður** styður foreldra/fjölskyldu. **Stuðningsfjölskyldur** taka börn til dvalar á heimilum sínum reglubundið, oft eina eða tvær helgar í mánuði.

Gerður er þjónustusamningur um mál hvernar fjölskyldu fyrir sig.

4. gr.

Stuðningur á þjónustumiðstöð í kjölfar barnaverndartilkynningar

Sé það mat Barnaverndar Reykjavíkur að ekki sé ástæða til að hefja könnun máls á grundvelli barnaverndartilkynningar, er foreldrum bent á stuðning á þjónustumiðstöð.

5. gr.

Fundur við upphaf könnunar máls

Eftir móttöku tilkynningar er tekin ákvörðun um hvort upphafsfundur/ tilkynningafundur sé við hæfi í málinu. Sérfræðingur hjá Barnavernd boðar til fundar með hlutaðeigandi aðilum þ.e. barni, foreldrum, tilkynnanda, skólayfirvöldum og þjónustumiðstöð ef mál er til meðferðar þar.

Sjá nánar viðauka I.

6. gr.

Samstarf við könnun og/eða meðferð máls

Sérfræðingur Barnaverndar Reykjavíkur leitar eftir samvinnu við þjónustumiðstöð þegar þörf er á vegna mála sem eru til meðferðar eða könnunar hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Við könnun máls, skal afla upplýsinga hjá þjónustumiðstöð um málsmeðferð þar.

- a) Ef mál er til meðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur er samvinna við þjónustumiðstöð samkvæmt meðferðaráætlun, sem gerð er í samvinnu við foreldra.
- b) Sérfræðingar þjónustumiðstöðva geta haft frumkvæði að samvinnu um mál í samráði við foreldra.

7. gr.

Lok Barnaverndarmáls

Þegar máli lýkur hjá Barnavernd Reykjavíkur, hvort heldur er um að ræða eftir könnun, meðferð eða vistun utan heimilis, er leitað samstarfs við þjónustumiðstöð, ef þurfa þykir. Fjölskyldur eru aðstoðaðar eftir þörfum við að fá stuðning og ráðgjöf við hæfi hjá þjónustumiðstöð.

Ef vitneskja er um að málefni fjölskyldu hafi verið til umfjöllunar bæði hjá Barnavernd Reykjavíkur og þjónustumiðstöð og/eða ef samvinna hefur verið um vinnslu máls skal barnavernd senda afrit af lokabréfi og bókun um lok málsins til þjónustumiðstöðvar.

8. gr.

Vistun barna utan heimilis

Þegar sérfræðingur á þjónustumiðstöð metur að barn sé í þörf fyrir vistun utan heimilis á vegum Barnaverndarstofu sendir hann tilkynningu til Barnaverndar Reykjavíkur. Þetta á einnig við um vistun barns á fjölskylduheimilum Velferðarsviðs.

Sérfræðingur á þjónustumiðstöð er heimilt að vista barn í allt að 6 vikur í umboði barnaverndarnefndar, s.s. í sumardvöl á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkur. Sé talið að vistun þurfi að vara lengur skal tilkynna málið til Barnaverndar Reykjavíkur.

Vistun á grundvelli laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 s.s. vistun í Álfalandi er undanskilin

9. gr.

Viðvera við skýrslutöku hjá lögreglu

Sérfræðingar Barnaverndar Reykjavíkur taka við tilkynningum frá lögreglu og sinna a.ö.l. viðveru við skýrslutöku hjá lögreglu og fyrir dómi.

Sérfræðingar á þjónustumiðstöðvum taka að sér í umboði barnaverndarnefndar viðveru við skýrslutöku hjá lögreglu í ákveðnum tilvikum, t.d. þegar hverfalögregla óskar eftir viðveru sérfræðinga við skýrslutöku eða foreldrar óska sérstaklega eftir því. Þá getur lögregla snúið sér beint til sérfræðings á viðkomandi þjónustumiðstöð. Sérfræðingur þjónustumiðstöðvar tekur ákvörðun um viðveru í samráði við sérfræðinga Barnaverndar Reykjavíkur.

10. gr. Samstarf

Þjónustumiðstöðvar og Barnavernd Reykjavíkur munu í samræmi við stefnumótun og áherslur leitast við að tryggja gæði barnaverndarstarfs almennt eins og framast er unnt.

Starfa skal samráðshópur um framkvæmd samskipta og samstarfs milli Barnaverndar og þjónustumiðstöðva. Hópnunum er ætlað að fjalla um vafaatriði varðandi verklag og vinna að því að samhæfa störf allra hlutaðeigandi. Í samráðshópnum eiga sæti sérfræðingar þjónustumiðstöðva og Barnaverndar Reykjavíkur, auk hópstjóra. Framkvæmdarstjóri Barnaverndar Reykjavíkur og lögfræðingar á Velferðarsviði eru hópnunum til ráðgjafar. Hlutverk samráðshóps er að:

- Fylgjast með framkvæmd endurskoðaðra samskiptareglna um samskipti Barnaverndar Reykjavíkur og þjónustumiðstöðva
- Vera vettvangur umræðu vegna vinnslu einstakra mála
- Leiðbeina sérfræðingum varðandi túlkun einstakra ákvæða þegar á þarf að halda og kynna niðurstöður varðandi túlkun til allra hlutaðeigandi sérfræðinga
- Halda saman upplýsingum um þau ákvæði sem þarfnast nánari túlkunar og endurskoðunar
- Benda á þætti/ákvæði sem þarfnast breytinga
- Koma með tillögur að breytingum á fyrrgreindum reglum ef þurfa þykir

Tilnefndir skulu sérstakir tengiliðir frá hverri þjónustumiðstöð og barnavernd sem stuðla skulu að aukinni samvinnu.

11. gr. Kostnaðarfærslur

Um kostnaðarfærslur gildir að fjárhagsleg og fagleg ábyrgð helst í hendur við vinnslu mála og hafa þjónustumiðstöðvar og Barnavernd Reykjavíkur til viðmiðunar gildandi reglur. Sjá nánar “Reglur um fjárhagsaðstoð” frá apríl 2005 með síðari breytingum og “Reglur um greiðslur Barnaverndar Reykjavíkur vegna sérstaks stuðnings vegna barna og fjölskyldna og fósturs á grundvelli 24.gr. og 75.gr. barnaverndarlaga nr.80/2002” frá júní 2007.

12. gr. Upplýsinga- og þagnarskylda

Málaskrár Barnaverndar Reykjavíkur annarsvegar og þjónustumiðstöðva hinsvegar eru aðskilin kerfi og ekki um gagnkvæman aðgang að ræða.

Óski Barnavernd Reykjavíkur upplýsinga um málsmeðferð eða persónulega hagi viðskiptavina þjónustumiðstöðva vegna meðferðar barnaverndarmáls skal það gert skriflega. Taka skal fram hvort foreldrar hafa verið upplýstir um beiðnina og ef svo er ekki skal skýra ástæður þess. Sé Barnavernd Reykjavíkur kunnugt um að málgögn séu geymd á þjónustumiðstöðvum leitar hún beint þangað. Annars er erindið sent lögfræðideild Velferðarsviðs sem sér um að afla málgagna úr skjalageymslu. Svára skal fyrirspurnum Barnaverndar Reykjavíkur með sérstakri samantekt svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en innan 7 daga.

13. gr. Annað

Reglur þessar verða endurskoðaðar árlega eða oftár ef þurfa þykir.

Tilkynningafundir/upphafsfundir við upphaf könnunar máls hjá Barnavernd Reykjavíkur, skv. 22. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002

Fyrst kynnt á Íslandi á málstofu á ráðstefnu um barnavernd í ágúst 2003. Dagny Nerbö og Geir Hyrve ásamt fleirum. Aðferð þróuð í einum bæjarhluta Þrándheims sem heitir Nardo. Tilkynningafundir eru nýng í barnaverndarstarfi í Þrándheimi, nánar tiltekið þróunarverkefni sem hófst í Nardo hverfinu.

Um er að ræða nýja nálgun í tilkynningaferlinu. Leið til að finna lausnir og taka ákvarðanir í barnaverndarmálum sérkenni þessarar aðferðar er að hlutaðeigandi tilkynnendur, barnaverndarstarfsmenn og þeir sem tilkynnt er um eru hvattir til "leiks" með nýjum hætti. Getur flýtt mjög fyrir upplýsingaöflun í könnunarferli og talið geta aukið líkur á virkri meðferðaráætlun.

Starfsmenn barnaverndar þurfa að glöggva sig á barnaverndartilkynningum, sem fara í könnunarferli, afla nánari upplýsinga s.s. frá skóla, leikskóla, heilsugæslu, ræða við tilkynnendur, foreldra, barn/börn og etv. fleiri aðila. Þetta tekur nokkurn tíma við hefðbundna könnun mála. Þ.e. tilkynning berst til Barnaverndar Reykjavíkur, ákvörðun er tekin um könnun máls innan viku. Foreldrar boðaðir skriflega til viðtals og þeir undirrita áætlun um könnun máls, sem getur tekið allt að þremur mánuðum að ljúka (sbr. barnaverndarlög). Með því að boða til tilkynningafundar við upphaf könnunar barnaverndartilkynninga er mögulegt að stytta þetta ferli og einfalda með því að leiða saman tilkynnanda, foreldra/barn og starfsmenn barnaverndar strax í upphafi.

Eftir móttöku tilkynningar er tekin ákvörðun um hvort tilkynningafundur sé við hæfi í málinu (úthlutunarfundur/móttökuráðgjafi). Reynt er að hraða allri vinnu og sem fyrst er boðað til fundar með hlutaðeigandi aðilum þ.e. barn, foreldrar, tilkynnendur og etv. þjónustumiðstöð. Í Nardo hverfi hafa 78% mála sem tilkynnt eru skv. barnaverndarlögum farið í þetta ferli. Það er talið bæta árangur í barnaverndarstarfi að hefja mál með því að kalla foreldra og börn inn í feril málsins með þessum hætti.

Fundurinn: Ráðgjafi(ar) barnaverndar boða til fundar og leiða fundinn, þurfa rammar fundarins að vera mjög skýrir. Tilkynningin er sett fram með skriflegum hætti á "flippstöflu" eða stór blöð, sýnileg öllum fundargestum (textinn eins og hann er orðaður í tilkynningu). Eftir upphafskynningu fundarstjóra er tilkynnandi beðinn um nánari útlistun tilkynningar og ritari bætir inn á "flippstöfluna". Farið er yfir eitt atriði í einu. Tilkynnandi þarf að gera grein fyrir tilkynningunni; af hverju málið var tilkynnt til barnaverndar. Farið er yfir hvern punkt fyrir sig og foreldrar/barn fá að tjá sig um hvern punkt og ritari skráir á "flippstöfluna". Þannig er farið yfir **öll** atriði tilkynningarinnar sundurliðað.

Fundurinn skiptist í fjóra hluta:

- Kynningu
- Umræðum um tilkynninguna, skrá á flippstöflu
- Tillögum til úrbóta, skrá á flippstöflu
- Samantekt og lok, (allir segja nokur orð um fundinn)